

Betri Nónhæð

Kópavogi í apríl 2010

Aðalfundur

Íbúasamtökin Betri Nónhæð
boða til aðalfundar:

miðvikudaginn 14. apríl.

klukkan 20:00.

í fundarsal Smáraskóla.

Dagskrá aðalfundarins

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Skýrsla stjórnar

Reikningar

Breytingar á samþykktum

Kosning stjórnar

Kosning skoðunarmanna

Önnur mál

Kynning á nýjum tillögum KS verktaka að byggð á Nónhæð

Kynning á vefsíðu íbúasamtakanna Betri Nónhæð

Tillaga að ályktun aðalfundar

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur 2008

Á aðalfundi 2008, sem haldinn var 14. september í fundarsal á 2. hæð í Smáranum, félagsheimili Breiðabliks voru eftirtaldir kosnir í stjórn Betri Nónhæðar:

Guðrún Benediktsdóttir, formaður

Ásmundur Hilmarsson, ritari

Helgi Hauksson

Jóhannes Birgir Jensson

Sigurjón Hjaltason

Pórey S. Guðmundsdóttir

Samkvæmt samþykktum á að kjósa 7 menn í stjórn. Ekki tókst að fá fleiri en 6 til að gefa kost á sér til stjórnar.

Skipulag Glæðheima

Skipulagsyfirlönd í Kópavogi boðuðu til fundar vegna breytinga á Aðalskipulagi Glæðheimasvæðis og breytinga á deiliskipulagi Skógarlindar 2. Um 100 manns mættu á kynningafundinn þar á meðal tveir stjórnarmenn.

Athugasemdir við breytingar á Aðalskipulag Glæðheimasvæðisins var skrifuð og send fyrir hönd stjórnar BN.

Kvörtun til Umboðsmanns Alþingis

Stjórnarmaður í fráfarandi stjórn sendi kvörtun til Umboðsmanns Alþingis vegna þess að honum hafði ekki borist svar við bréfi sem hann sendi til Skipulagsstjóra Kópavogs 13.08. 2007. Skipulagsstjóri svaraði umræddu 26.09 2008

Fundur um skipulagsmál

Sjálfstæðisflokkurinn boðaði fund með Gunnari I. Birgissyni þann 26.10.2008. Efni fundarins var um það sem er framundan í bæjarmálum og skipulagsmálum. Fulltrúi stjórnar sótti fundinn.

Jarðrask á kalli Nónhæðar

Formaður stjórnar BN brást hratt við þegar KS verktakar urðu uppvísir að jarðraski á kalli Nónhæðar 25.11.2008. KS verktakar áformuðu að gera þarna geymslusvæði fyrir vinnuvélar og ýmis tæki. Formaður hafði símasamband við Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Kópavogs um morguninn.

Aðrir árvökulir íbúar í Nónhæð kvörtuðu einnig undan jarðraskinu. Starfsmenn Bæjarskipulags Kópavogs brugðust hratt við. Byggingafultrúi kom á staðinn um hádegisbilið og stöðvaði jarðraskið. Umhverfisráð óskaði eftir að fá að fylgjast með framvindu þess.

Viðbrögð stjórnar vegna jarðrasks

Stjórn Betri Nónhæðar skrifaði bréf til Bæjarráðs 26.11.2008 með mótmælum

og kröfu um að jarðrask á kalli Nónhæðar yrði stöðvað.

Bréfið var sent í tölvupósti til Gunnars I. Birgissonar og fjögurra fulltrúa í bæjarráði einnig byggingarfulltrúa, skipulagsstjóra og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs auk upplýsingafultrúa. Útprentað bréf fór til Bæjarskipulags, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, byggingafultrúa og skipulagsstjóra.

Daginn eftir var haft símasamband við sviðsstjóra og ritara bæjarstjóra til að fylgja eftir fyrirtækt bréfsins.

Málinu var fylgt eftir með símtölum þar til ljóst var að bréfið var tekið fyrir og samþykkt að stöðva raskið.

Í fundargerð Bæjarráðs er bókað að málinu sé vísað til skrifstofustjóra framkvæmda- og tæknisviðs til úrvinnslu. Málið fór síðan í lögformlegt ferli með skriflegu banni og fresti KS verktaka til andmæla. Í febrúar var jarðraskið jafnað. Þess er vænst að í stað gróðurþekjunnar sem var rifin upp í jarðraskinu verði gerðar ráðstafanir svo jarðefnin fjúki ekki yfir byggðina í næsta nágrenni hennar.

KS verktakar og byggingarnefnd

Á fundi Byggingarnefndar 16.12.2008 er bókað að bréf hafi borist frá KS verktökum dagsett 26. nóvember og annað 10.12. Í bréfunum er farið fram á að gera plan og nýta landið við Arnarsmára 36 sem geymslusvæði undir tæki og tól og girða landareignina. Byggingarnefnd staðfesti stöðvunina og aðgerðir í málinu með tilvísun í 56. gr. skipulags- og byggingarlaga.

KS verktakar og Bæjarráð

18. desember 2008 er bókað að umsögn um erindi KS verktaka varðandi lækkun fasteignagjalda á Arnarsmára 36 hafi borist frá bæjarlögmanni. Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu.

29.01.09 er tekið fyrir bréf þar sem óskað er eftir að Kópavogsbær leysi til sín lóðarsvæði KS verktaka við Arnarsmára 36. Á fundi bæjarráðs 09.07.09 er erindinu hafnað.

Á fundi bæjarráðs 22.10.09 er tekið fyrir bréf þar sem KS verktakar óska eftir skiptum á landi fyrirtækisins á Nónhæð og sambærilegum tilbúnum byggingarlóðum. Tilboðinu er hafnað á fundi þann 05.11.09.

Á fundi Skipulagsnefndar 16.03.10 er lagt fram erindi KS verktaka og tillaga að breyttu skipulagi Nónhæðar. Óskað eftir umsögn Skipulags- og umhverfissviðs.

Að móta byggð

Á árinu 2008 stóð Skipulagsstofnun fyrir fimm málstofum um skipulagsmál, byggingarmál og umhverfismál til

undirbúnings ráðstefnunnar „Að móta byggð“. Til umræðu var staða skipulagsmála, sjálfbær þróun, framtíðarsýn og leiðir til úrbóta. Þátttakendur í málstofunum komu víða að. Í fyrstu málstofunni komu námsmenn og ungt fólk hugmyndum sínum á framfæri, í annarri málstofu íbúa- og félagasamtök, í þeirri þriðju verktakar og fjárfestar, í fjórðu málstofu arkitektar og skipulagsráðgjafar og loks stjórnarmenn í fimmtu og síðustu málstofunni. Fulltrúi stjórnar BN sótti málstofu íbúa- og félagasamtaka sem haldin var 30. apríl.

Niðurstöður málstofanna eru birtar á vef Skipulagsstofnunar.

Undirbúningsfundir stjórnar

Stjórn BN hélt fund 24.03.09 til undirbúnings fundi með sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

Niðurstaða fundarins var að fara á fund sviðsstjóra með hugmyndir um græn svæði og byggingu á kalli Nónhæðar sem væri að stærð eins og tilbeiðsluhúsið sem búið var að teikna þarna. Um allan heim er verið að gera garða og fallegar byggingar inni í miðborgum. Þarna væri tilvalið að setja frábæra aðstöðu ofan í jörðina og myndi sú bygging á Nónhæðarkollinum kallast á við Kópavogskirkju. Í tillögum KS verktaka átti að lækka Nónhæðina um jafngildi tveggja hæða blokkar til að draga úr áhrifum 12 hæða húss og annarra nokkru lægri.

Annar fundur til undirbúnings fundar með sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs var haldinn 29. apríl. Rætt var um að senda spurningar til sviðsstjóra áður en fundur yrði. Nefndar voru spurningar varðandi eignarhald lóðarinnar og hvað gerist ef lóðin fer á uppboð? Einnig að undirbúa spurningar sem stjórnin vildi fá svör við og reyna að undirbúa svör við þeim spurningum sem sviðsstjóri mundi hugsanlega spyrja stjórnarmenn. Niðurstaða var að vernda óbreytta landnotkun og skilgreina betur nýtingarhlutfallið t.d. með því að hafa skilgreint grænt svæði og stofnanasvæði.

Fundur með sviðsstjóra

17. mars 09 er haldinn fundur með sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs. Sviðsstjóri vill vinna aðalskipulagið í sátt við íbúa og íbúasamtök Kópavogsbæjar svo líkur séu á lausn. Hann vill gera heildarskipulag sem er byggt á grunni sem gengur upp. Ekki sé gott að hafa svæði sem Nónhæð í „lausu lofti“. Hann býður upp á að hafa fundi þar sem stjórnin öll kemur ef hún vill og fara vel yfir hugmyndir stjórnar.

Ljóst er að bæjaryfirlönd vilja einhverja byggð á Nónhæð; e.t.v. íbúabyggð við Arnarnesveginn í framhaldi af fjölbýlishúsunum þar, 100 einingar sem er eins og

ca 4 blokkir (3 hæðir) og að svæðið á milli verði þá e.t.v. grænt svæði og bílaumferð verði „sem allra minnst“. Skólamálin bar á góma þar sem gera má ráð fyrir nokkuð mörgum barnafjölskyldum ef íbúðabyggð verður skipulögð efst á Nónhæð.á

Á fundinum kom fram að tillögu að deili-skipulagi vegna Arnarsmára 36 og 32 sem var hafnað í ágúst 2007 kæmu ekki til greina.

Annar fundur með sviðsstjóra

Annar fundur var með sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs 29. mars.

Á fundinum var rætt vítt og breytt um skipulagsmál. Sviðsstjóri vildi fá svör við því hvort stjórn BN gæti hugsað sér að á Nónhæð kæmi íbúabyggð ca 100 einingar. Honum var gerð grein fyrir því að stjórnin væri bundin af samþykktum félagsins um óbreytt aðalskipulag. Einnig var minnt á að það sem á undan er gengið í skipulagi Nónhæðar hafi ekki verið til þess að auðvelda umræðu um skipulagsmál svæðisins. Hins vegar kvaðst stjórnin reiðubúin að ræða um heildarskipulag Nónhæðar og annarra svæða sem hafa bein og óbein áhrif á byggðina í Nónhæð.

Bréf til sviðsstjóra 15. maí

Í bréfinu kom fram að stjórn BN væri bundin af samþykktum félagsins en er að sjálfsögðu heimilt að vinna að hagsmunamálum íbúa.

32ja hæða turn við Glaðheima

Íbúi sendi stjórn tölvupóst og benti á að 32ja hæða turn sé fyrirhugaður á Glaðheimasvæði. Hann hvatti til að stjórnin hefði samband við önnur íbúasamtök og ráða ráðum með þeim.

Laugardaginn 27.06.09 birtist auglýsing um kynningarfund um Glaðheimasvæðið í Lindaskóla þann 30. 06. Í auglýsingunni var þess getið að athugasemdafrestur væri til 07.07. Á vegum stjórnar er sendur póstur til íbúa og þeir hvattir til að skoða málið og mæta á fundinn.

Fundurinn í Lindarskóla var ekki fjölsóttur. Fulltrúar stjórnar og nokkrir aðrir íbúar Nónhæðar voru meðal fundargesta. Á fundinum var kynntur fyrirhugaður 32. hæða turn, 10 og 12 hæða íbúðarhús næst Askalind og næst núverandi íbúabyggð auk lægri byggðar. Einnig voru kynntar spár um ýmis konar mengun af völdum umferðar sýndar myndir af skuggavarpí.

Mikill aðstöðumunur

Rás atburða vegna kynningar á skipulagi Glaðheimasvæðis sýnir ágætlega aðstöðumun íbúa annars vegar og verktaka og skipulagsyfirvalda hins vegar.

Skipulagið vinna skipulagsyfirvöld í Kópavogi í samráði við verktaka. Auk

vinna sérfræðinga skipulagsyfirvalda og verktaka er keypt vinna annarra sérfræðinga.

Niðurstaða samráðsins er kynnt íbúum með spám sérfræðinga. Íbúar fá 7 sólar-hringa til að gera athugasemdir eftir margra mánaða vinnu sérfræðinganna.

Þrátt fyrir þennan aðstöðumun voru sendar athugasemdir við skipulag Glaðheimasvæðisins á vegum stjórnar Betri Nónhæðar.

Sorpflokkun

Á fundi stjórnar 01. 09.09 var ákveðið að óska eftir því að Íslenska gámafélagið stæði fyrir kynningarfundi um sorpflokkun í Nónhæð.

Íslenska gámafélagið og Kópavogsbær boðuðu til fundar í Smáraskóla 14.10. um tilraunaverkefni í sorpflokkun á Nónhæðinni.

Um 45 manns sóttu fundinn. Verkefnið virðist ganga vel í öllum aðalatriðum. Fá vandamál koma í ljós við fábýlishús en fleiri við fjölbýlishús. Íbúar, Gámafélagið og Kópavogsbær leggja sig fram um að leysa þau vandamál sem koma upp.

KS-verktakar þrýsta á

Í lok júní 2009 hafði sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs vakið máls á því að hann og stjórn BN þyrftu að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið í umræðum um skipulagsmál um miðjan mars. Stjórnin hefur gengið eftir því en ekki enn orðið úr fundi í lok október.

KS-verktaka sækja fast á skipulagsyfirvöld en þau halda að sér höndum.

Kynningarfundur væri best að hafa 20.-30. september. Fundur með Birgi í lok september og aðalfundur 14-15. október.

04. 09. komu KS-verktakar fyrir steypuklossum og löngum járnstöngum upp úr þeim á Nónhæð. Formaður Betri Nónhæðar send samdægurs bréf til sviðsstjóra skipulags- og umhverfismála auk byggingafulltrúa og óskaði skýringa.

07.09 . var á vegum KS-verktaka borið fundarboð í hús númer 2-22 við Foldarsmára. Í fundarboðinu voru íbúar þessara húsa boðaðir til samráðsfundar um skipulag Nónhæðar þann 14.09. Fundurinn var felldur niður.

KS-verktakar boðuðu íbúa Foldarsmára 2-22 aftur til fundar. Nú var boðaður fundur 28.09. KS-verktakar töldu það kost að ekki varð úr fyrri fundinum vegna þess að nú var ný staða í skipulaginu. Nónhæð verður notuð sem tilraunareitur fyrir vistvænt skipulag! Að undirbúningi þess koma Nýsköpunarmiðstöð með virkri þátttöku bæjarins.

Viðbrögð við fundarboðum KS

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfismála fullvissaði formann stjórnar að

skipulagsyfirvöld í Kópavogi mundu ekkert gera í skipulagi Nónhæðar nema vera í sambandi við stjórnina áður.

Fyrir hönd KS-verktaka var haft samband við bæjarstóra og spurt hvort KS gæti kynnt tillögu um skipulag við Arnarsmára 36. KS-verktakar hafa látið vinna nýja tillögu þar sem hús hafa verið lækkuð byggð færð fjær eldri byggð. Bæjarstjóri sá ekki að hann hefði neitt með það að gera hvort KS héldi fund með íbúum í Kópavogi.

KS boðaði ekki til kynningar heldur til samráðs. Til að geta boðið til samráðs um skipulag Nónhæðar þarf fundarboðandi að ráða skipulaginu Nónhæðar. KS boðaði fáeina íbúa til samráðs um skipulag Nónhæðar. Augljós ásetningur KS var að ganga framhjá samtökunum Betri Nónhæð og stjórn þeir.

Stjórn Betri Nónhæðar ákvað því að senda tölvupósta og bréf með spurningum til að varpa ljósi á hvort skipulagsyfirvöld hefðu gefið KS-verktökum umboð til að fara með skipulag Nónhæðar. Einnig til að kanna hvort fundarboðin væru átölulaus af hálfu Kópavogsbæjar.

Stjórnin átti fund með bæjarstjóra 6. október. Niðurstaða fundarins var að:

- KS-verktakar verða ekki ávitaðir af stofnunum Kópavogsbæjar fyrir að boða fáeina íbúa til samráðsfunda um skipulag Nónhæðar.
- Stjórn Betri Nónhæðar getur vænst þess að fá fljótlega fund með sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs til að ræða skipulagsmál.
- Bréfum til bæjarstjórnar, bæjarstjóra og skipulagsnefndar verður svarað.

P.s. Bréfunum hefur ekki verið svarað þrátt fyrir að eftir því hefur verið gengið.

Íbúafundur í Salaskóla




Skipulags- og umhverfissviðs boðaði til íbúafunda vegna endurskoðunar aðalskipulags Kópavogs og Staðardagskrár 21.

Fundur með íbúum smára, linda og sala var haldinn í Salaskóla 24.11.09. Fulltrúar stjórnar Betri Nónhæðar sóttu fundinn. Samantekt á efni fundanna er að finna á kopavogur.is/adalskipulag

Fundur með sviðsstjóra

Fulltrúar stjórnar BN áttu fund með Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs 23.03.10. Fundurinn var liður í undirbúningi aðalfundar BN. Sviðsstjóri kynnti stöðuna í skipulagi Nónhæðar. Enn er skipulag hæðarinnar óbreytt. Fulltrúar stjórnar BN telja þó að ekkert sé gefið til langframa í þeim efnum og telja nauðsynlegt að íbúar haldi vöku sinni.

Sniðmyndir með nýjum tillögum KS verktaka að deiliskipulagi fyrir koll Nónhæðar



Ný tillaga KS verktaka að deiliskipulagi fyrir koll Nónhæðar

